

## Skilablað – Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri

### Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins um fyrirkomulag skilamats segir: „**Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati**“.  
Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „**skilagrein**“ eða „**skilablað**“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýlan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguþúsnaðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna verkefnisins Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri.

### 1 Upphaf verkefnis

Á upphafsfundi verkefnisins 21. nóvember 2012 fóld framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs, Þórður H. Ólafsson, umboðsmaður verkkaupa, Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) formlega að vinna frumathugun og gera verkkaupasamning um þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri. Verkkaupi var umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Verkefnastjóri hjá FSR var Bjargey Björgvinsdóttir.

### 2 Verklýsing

Um var að ræða nýbyggingu sem hýsa átti gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs á Kirkjubæjarklaustri ásamt skrifstofu Skaftárrepps, Erró-setri og starfsemi á vegum Háskóla Íslands. Verkheiti verkefnisins var Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri.

Bókhalds- og greiðslupjónusta var hjá FSR.

### 3 Verknúmer

Beiðni um verknúmer er dagsett í nóvember 2012 og fékk verkefnið verknúmerið 614 2135.

### 4 Framvinda

Í janúar 2013 var undirritaður verkkaupasamningur, VK-13004, milli verkkaupa, umhverfis- og auðlindaráðuneytis,

og FSR þar sem verkkaupi fóld FSR umsjón með frumathugun, áætlunargerð og verklegri framkvæmd verkefnisins.

Frumathugun var undirrituð í maí 2014. Niðurstaða hennar var að byggja ætti 1.590 fermetra nýbyggingu fyrir gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs og skylda starfsemi. Hugmyndafræði og hönnun þekkingarsetursins skyldi byggja á frumdrögum Arkís arkitekta frá desember 2011.

### 5 Kostnaður verksins

Kostnaður vegna undirbúnings og hönnunar verksins var 10.246.877 kr.

### 6 Niðurstaða verkefnis

Við frekari yfirferð á verkefninu var ákvæðið í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu að breyta og minnka umfang þess og falla frá hugmyndum um þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri. Í framhaldi af því var stofnað nýtt verknúmer, 614 2122, í nóvember 2015.

### 7 Ákvörðun verkkaupa

Sjá lið nr. 6.

### 8 Verklok

Verklok voru engin þar sem stofnað var annað verknúmer fyrir verkefnið í nóvember 2015, 614 2122.

### 9 Staðfesting skilablaðs

Undirritaður staðfestir hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Hafsteinn S. Hafsteinsson, forstjóri, settur